

Aðalfundur landsambands Delta Kappa Gamma á Íslandi
haldinn í Menntaskólanum á Akureyri 7. maí 2017

Dagskrá aðalfundar:

- Setning
- Orð til umhugsunar
- Minning látinna félaga
- Ávarp frá alþjóðafulltrúa DKG, Dr. Beverly Helms, fyrrverandi forseta alþjóðasambandsins
- Hefðbundin aðalfundarstörf:
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning tveggja fundarritara
 - Skýrsla stjórnar – umræður
 - Reikningar lagðir fram – umræður
 - Fjárhagsáætlun lögð fram – umræður
 - Árgjald ákveðið
 - Skýrsla nefnda landsambandsins
 - Úthlutun úr námsstyrkjasjóði
 - Kosning forseta landsambandsins
 - Kosning annarra stjórnarmanna landsambands
 - Kosning í upptillinganefnd
 - Kosning tveggja endurskoðenda
 - Ályktanir og tillögur sem berast til landsambandsþings
 - Önnur mál

Setning fundar: Eygló setti fund og kveikti Anita Jónsdóttir úr Betadeild á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku. Guðbjörg Sveinsdóttir úr Þetadeild las markmið samtakanna.

Orð til umhugsunar: Sigrún Jóhannesdóttir úr Deltadeild flutti orð til umhugsunar. Hún byrjaði á að þakka fyrir helgina og dásamlegan laugardag. Þakkaði Beta og Mýdeild fyrir undirbúninginn og hrósaði Eygló forseta fyrir góða forystu. Minntist þess að Delta deild héldi upp á 30 ára afmælið sitt í vor. Velti fyrir sér hvaða gildi DKG félagsskapurinn hafi. Sagðist ekki geta talið stundirnar sem hún hefur veitt í félagsskapinn en að hún gæti sagt frá því hvað hann hefur gefið henni. Hún gekk út frá markmiðum samtakanna. Lék sér að því að taka út sagnorðin í markmiðunum og las þau upp. Bað konur um að hugsa um þau hvernig þau væru ef þeim væri breytt. Segir það forréttindi að eiga aðgang að samtökum sem ekki eru að keppa. Talaði um að eftir að félögum hafi farið að fækka á alþjóðavísu þá sé umhugsunarvert hvort breyta eigi markmiðunum, hvort þau séu of þröng. Þau hafa ekki breyst eins mikið og samfélagið. Segir það að efla, styðja, styrkja, hvetja og fræða verði aldrei úrelt og að þetta séu góð orð. Engu að síður þurfi að halda áfram umræðu um markmiðin en nokkrum sinnum

hafi verið farið yfir það hvort þeim eigi að breyta en niðurstaðan hafi alltaf orðið að þau séu góð og þess þurfi ekki. Sigrún hvatti deildir til að halda umræðunni á lofti því hún þurfi alltaf að vera. Hugsanlega þurfi að bæta við markmiðin með nýjum hugsunum og lagði til að fjölga þeim frekar. Að lokum sagði Sigrún frá því að konur í Deltadeild hafi velt fyrir sér hamingjunni og fundu hve það er dýrmætt að setjast niður og hugsa um hana. Þær töluðu um hamingjuna, skrifuðu um hana og ortu. Hún las síðan eitt ljóð um hamingjuna sem varð til á þessum fundi.

Hamingjan á sér hundrað vegi

Við komum hér saman á sólskinsdegi
og sumarið gægist örlítið inn
Já, hamingjan á sér hundrað vegi
í hjarta mínu það glögglega finn.

Minning látinna félaga: Ingibjörg Auðunsdóttir Betadeild minntist fjögurra látinna félaga í DKG á Íslandi. Þegar hún var að undirbúa sig kom upp í huga hennar ljóðið Morgunsöngur systranna við brunninn eftir Davíð Stefánsson sem hún las upp og tengdi við okkar látnu félaga.

Helga Gunnarsdóttir, félagi í Deltadeild frá árinu 1997. Hún var stjórnandi skóla- og frístundasviðs hjá Akraneskaupsstað.

Ingibjörg Sigríður Guðmundsdóttir, var kennari á Ísafirði og félagi í Lotadeild frá 2012.

Helga og Ingibjörg Sigríður létust langt um aldur fram eftir erfiða sjúkdómsbaráttu.

Jenna Jensdóttir, var félagi í Alfadeild og einn af stofnfélögum DKG á Íslandi. Jenna kenndi á Akureyri og í Reykjavík. Hún er höfundur á þriðja tug bóka fyrir börn og unglinga ásamt Hreiðari eiginmanni sínum. Þekktastar eru Öddubækurnar.

Rannveig Löve, var félagi í Gammadeild frá 1978. Rannveig starfaði við kennslu í Reykjavík og kennsluráðgjöf í Reykjanesbæ. Hún samdi námsefni fyrir börn og skrifaði ævisögu sína sem nefndist Myndir úr hugskoti.

Ingibjörg bað síðan fundarkonur að rísa úr sætum á meðan Þorgerður Sigurðardóttir kveikti á sameiginlegu kerti í minningu þeirra og settu rósina hvítu meðal þeirra rauðu sem tákn samtakanna.

Ávarp frá alþjóðafulltrúa DKG, Dr. Beverly Helms, fyrrverandi forseta alþjóðasambandsins:

Beverly hóf mál sitt á því að þakka Sigrúnu Jóhannesdóttur fyrir hennar góðu orð og færði fundinum síðan kveðju frá stjórn Alþjóðasamtakanna. Hún hóf síðan mál sitt á því að ræða um Ísland sem aðila að Alþjóðasamtökum DKG og sagði leiðtogastörf og þátttöku íslenskra kvenna í störfum innan alþjóðasamtaka DKG eftirtektarverða en við erum með hæsta hlutfall einstaklinga sem fulltrúa á alþjóðavísu. Því næst fjallaði hún um hvernig samtökin hafa áhrif

út á við í anda þeirra sýnar DKG að félagskonur taki forystu í fræðslustörfum og hafi með því áhrif á menntun um víða veröld. Sagði hún frá tveimur verkefnum sem samtökin standa að, annars vegar Skólar í Afríku sem var sett á laggirnar árið 2010 og nær til 13 landa í Afríku en megintilgangur þess er að veita börnum aðgang að gæða grunnenntun. Hins vegar er verkefnið Stuðningur við nýliða í kennslu eða Supporting Early-career Educators (SEE). Hátt brottfall nýliða úr kennslu er alþjóðlegt vandamál og það hún félagskonur að styrkja nýliða eftir fremsta megni, hver á sínu svæði.

Beverly fór yfir það sem framundan er hjá alþjóðasamtökunum. Sagði hún núverandi forseta Carolyn Pittman vilja auka samskipti við félagana og hvatti hún félagskonur til að kynna sér vef alþjóða samtakanna, nýta tæknina til að efla samskiptin og uppfæra og/eða setja inn upplýsingar inn á persónulega svæðið á vef alþjóðasamtakanna www.dkg.org. Áhersla verður lögð á að halda vefnum lifandi og setja nýjar upplýsingar tíðar inn. Benti Beverly á að þarna væri tækifæri til að taka að sér starf í Austin!

Því næst fór Beverly yfir það sem samtökin hafa að bjóða til að efla einstaklinginn. Hvatti hún félagskonur til að kynna sér tækifærin sem þar biðust og sækja um styrki til þátttöku. Ræddi hún í því sambandi um International Speaker Fund og Leadership Management Seminar. Í niðurlagi orða sinna spurði Beverly hvernig einstaklingurinn getur haft áhrif og talaði þar um „the power of one“. Beverly sagði að hver og ein okkar gæti verið sú sem hefur áhrif með því að hvetja aðra til dáða. Við höfum allar tækifæri til þess með því að taka þátt í starfinu. Að því sögðu þakkaði hún samveruna og hvatti konur til að taka þátt í atburðum DKG sem eru framundan og nefndi þar sérstaklega Evrópuþingið 2019.

Eygló færði Beverly rós og gjöf eftir íslenskan hönnuð og þakkaði henni komuna til okkar.

Hefðbundin aðalfundarstörf:

- 1. Kosning fundarstjóra.** Tillaga um Önnu Þóru Baldursdóttur Betadeild sem fundarstjóra, samþykkt sem fundarstjóri. Fundarstjóri tók við og fór yfir dagskrána og það sem á skv. lögum að vera á dagskrá aðalfundar og sagði frá því að tveimur atriðum yrði bætt í dagskrána.
- 2. Kosning tveggja fundarritara.** Tillaga um Ástu Egilsdóttur Deltadeild og Þorgerði Sigurðardóttur úr Betadeild sem fundarritara, samþykkt.
- 3. Skýrsla stjórnar:** Forseti landsambands DKG 2015 – 2017, Eygló Björnsdóttir lagði fram skýrslu stjórnar. Félagar í DKG á Íslandi voru í maí 2017, 331. Haldnir voru tíu stjórnarfundir á tímabilinu og tveir framkvæmdaráðsfundir. Einkunnarorð tímabilsins voru: *Verum virkar-styrkjum starfið*. Forseti heimsótti flestar deildir á tímabilinu og gaf út mánaðarlegt fréttabréf fyrir formenn. Samhliða forsetastarfinu hefur Eygló sinnt vefumsjóninni og var vefurinn t.d. uppfærður á tímabilinu, keypt var lén fyrir vefinn. Helstu verkefni stjórnar fyrir utan venjuleg stjórnarstörf voru afmælishald, vor- og landsambandsþing og stofnun nýrrar deildar. Haldið var upp á 40 ára afmæli DKG á Íslandi 7. nóvember 2015, vorþing 30. apríl 2016 í Setbergsskóla í Hafnarfirði,

landsambandsþing var í Menntaskólanum á Akureyri 7. maí 2017 og ný deild stofnuð á Norðurlandi vestra 2. apríl 2017. Forseti sat Evrópuþing í Borås og Alþjóðþing í Nashville Tennessee í Bandaríkjunum. DKG tók þátt í afrekasýningu kvenna á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur 3. September 2015.

Sjá fylgiskjal 1.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrsluna. Sigrún Klara Hannesdóttir bað konur að standa upp og klappa fyrir Eygló sem frábærum leiðtoga. Konur stóðu upp, klöppuðu og hrópuðu ferfalt húrra fyrir Eygló.

Utan dagskrár: Framhaldsatriði frá Deltadeild frá kvöldinu áður. Guðlaug Sverrisdóttir kenndi fundarkonum dansspor sem tekin voru af miklum ákafa.

4. **Reikningar:** Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild, gjaldkeri landsambandsins lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir kostnaðarliðum frá 1. mars 2015 til 28. febrúar 2017. Skoðunarmenn reikninga voru Hafdís Sigurgeirsdóttir Etadeild og Hildur Elín Vignir Kappadeild. Tekjur umfram gjöld nema 1.622.665.- og samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir samtals 3.362.439.- Sjá fylgiskjal 2
Fyrirspurnir um reikninga: Nokkrar fyrirspurnir voru og Guðbjörg og Jensína svöruðu þeim. Reikningar voru samþykktir samhljóða og var klappað fyrir góður árangri í fjármálum.
5. **Fjárhagsáætlun:** Jensína Valdemarsdóttir Deltadeild lagði fram fjárhagsáætlun næstu tveggja ára. Áætlunin var samþykkt samhljóða.
Sjá fylgiskjal 3.
6. **Árgjald:** Árgjaldið er 10.000 og er tillaga stjórnar að það sé óbreytt og var það samþykkt.
7. **Skýrslur deilda og erlendra nefnda** Þær eru birtar á vef samtakanna en fundarstjóri bað formenn deilda og erlendra nefnda að koma á svið og þiggja rós fyrir vel unnin störf. Sjá fylgiskjal 4.
8. **Skýrslur nefnda landsambandsins:** Eygló las upp skýrslu frá laganefnd. Engu var breytt þar nema orðalagi í einstaka greinum. Hún las einnig skýrslu samskipta- og útgáfunefndar en meðal verkefna hjá þeim var að gefa út 4 fréttabréf rafrænt á þeim tveimur árum sem þær hafa starfað í nefndinni.

Sigríður Guttormsdóttir Epsilondeild gerði grein fyrir skýrslu samskipta- og útbreiðslu- nefndar. Nefndin hefur uppfært félagatalið og sent breytingar til alþjóðasamtakanna. Helsta verkefni nefndarinnar var að stofna nýja deild á Norðurland vestra og var það talsverð vinna. Deildin er sú þrettánda innan landsambandsins og fékk nafnið „Ný“.

Sigríður Herdís Pálsdóttir Zetadeild, lagði fram skýrslu menntamálanefndar. Aðalverkefni nefndarinnar var að undirbúa vorþingið 2016 og landsambandsþingið 2017.

María Steingrímsdóttir Betadeild, gerði grein fyrir skýrslu námsstyrkjanefndar. Aðalhlutverk nefndarinnar er að vekja athygli félagskvenna á styrkjum sem eru í boði á vegum samtakanna og aðstoða þær við að sækja um styrki. Veitt er úr sjóði íslenska námssyrkjasjóðsins. Tvær umsóknir bárust til sjóðsins, báðar frá félagskonum í Mýdeild sem eru í meistaranámi en það eru þær Björg Eiríksdóttir og María Aðalsteinsdóttir. Nefndin ákvað að veita báðum umsækjendum styrk að upphæð 100.000 krónur hvorri.

Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild, las upp skýrslu uppstillinganefndar. Hún las upp tillögu nefndar um nýja stjórn DKG á Íslandi. Sjá fylgiskjal 4.

- 9. Kosning forseta landsambands:** Tillaga uppstillinganefndar um Jónu Benediktsdóttur lotadeild var samþykkt. Fundarstjóri sagði í stuttu máli frá Jónu.
- 10. Kosning annarra stjórnarmanna landsambands:** Tillaga uppstillinganefndar um aðra stjórnarmenn. Fyrsti varaforseti Helga Magnea Steinsdóttir Zetadeild. Annar varaforseti Helga G. Halldórsdóttir, Gammadeild. Ritari Ingibjörg E. Guðmundsdóttir Alfadeild og meðstjórnandi Jónína Hauksdóttir Mýdeild.
- 11. Kosning í uppstillinganefnd og skoðunarmenn:** Tillaga uppstillinganefndar: Guðbjörg Sveinsdóttir Betadeild, Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild og Jónína Eiríksdóttir Deltadeild. Skoðunarmenn voru kosnir Hafdís Sigurgeirsdóttir Etadeild og Hildur Elín Vignir Kappadeild.
- 12. Ályktanir eða tillögur:** Engar ályktanir eða tillögur bárust stjórn og engar komu fram á fundinum.
- 13. Önnur mál.** Engin önnur mál komu fram.

Nokkrar konur báðu um orðið:

Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild lagði áherslu á að DKG gæti gert betur í að efla félagskonur til leiðtogastarfa og sagði frá möguleikum sem DKG hefur til þess. Hún sagði frá leiðtoganámskeiðunum í Texas sem greidd eru af Golden Gift sjóðnum og hvatti konur til að sækja um þessi námskeið fyrir 1. desember. Þrjátíu konur komast inn í hvert skipti og hafa Evrópukonurnar átt góða möguleika. Aðeins fjórar konur frá Íslandi hafa tekið þessi námskeið. Lögð er áhersla á að vera virkar og nýta

leiðtogaaflið, sækja fram og nýta kraftinn sem DKG býr yfir. Við þurfum að sækja fram en ekki bíða eftir að einhver biðji okkur.

Herta W. Jónsdóttir Gammadeild þakkaði fyrir þingið og áhugaverð erindi á fallegum stað sem Akureyri er. Hún deildi með fundarkonum minningu frá Akureyri þegar Evrópuþing var haldið á Akureyri. Hún minntist þess með hlýhug og sagði frá nokkrum erlendum gestum sem fengu m.a. að fara í skólaheimsóknir og var mikil ánægja meðal þeirra með það. Hún minnti á að DKG á Íslandi á að halda Evrópuþing 2019 og bað konur að hugsa um hvað við getum gert til að fjármagna þingið en það verður kostnaðarsamt þegar margir erlendir gestir koma. Fundarstjóri bað konur að rísa úr sætum og klappa fyrir Hertu sem er ein af öflugustu konum samtakanna á Íslandi.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og gaf forseta orðið.

Eygló kallaði upp nýjan forseta og nýja landsambandsstjórn, færði þeim rós og óskaði þeim til hamingju og velfarnaðar.

Verðandi forseti þakkaði fyrir traustið sem henni var sýnt með því að vera kosin í þetta starf. Hún ákvað að segja já með markmið samtakanna að leiðarljósi að efla sig í leiðtogahlutverkinu. Hún hvatti deildirnar og félagskonur til að taka að sér krefjandi verkefni.

Eygló kallaði upp fráfaraandi stjórn landsambandsins og þakkaði þeim þeirra framlag og störf og færði þeim rós. Síðan kallaði hún allar nefndir á svið og færði þeim rós. Undirbúningsnefnd þingsins, fundarstjóra og fundarriturum var þakkað með rós.

Að lokum var afmællissöngurinn sunginn fyrir Margréti Jónsdóttur í Betadeild.

Eygló kallaði til fulltrúa Stefnu sem hefur þjónað vef DKG á Íslandi án endurgjalds í 10 ár. Hann sagði okkur frá nýrri uppfærslu á vef DKG á Íslandi. Eygló þakkaði fyrir og færði honum blómvönd að lokum.

Að lokum þakkaði Eygló fyrir sig og sagði frá hvernig starfið hafi gengið fyrir sig frá hennar sjónarhorni. Hún hefur kynnst mörgum konum sem hún hefði ekki kynnst annars og er þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri og segist vera reynslunni ríkari.

Að lokum borðuðu fundarkonur saman léttan hádegisverð.

Fundinn sátu 50 - 60 félagskonur.

Ásta Egilsdóttir fundarritari

Þorgerður Sigurðardóttir fundarritari

Fylgiskjöl á vef samtakanna

Fylgiskjal 1: [Skýrsla landsambandsforseta](#)

Fylgiskjal 2: [Reikningar landsambandsins](#)

Fylgiskjal 3: [Fjárhagsáætlun](#)

Fylgiskjal 4: [Skýrslur deilda og nefnda](#)